



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJUR

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson sendi í dag Reuven Rivlin, forseta Ísraels, og Ísraelsmönnum öllum samúðarkveðjur vegna stórslyss sem varð á Lag B'Omer trúarhátíðinni á föstudag. Þjóðarsorg hefur verið lýst yfir í landinu í dag.

Í kveðju sinni segir forseti að hugur Íslendinga sé með öllum þeim sem misst hafi ástvini eða slasast vegna harmleiksins. Áður hafði forseti einnig sent samúðarkveðju til Ísraelsmanna á Twitter.

2. maí 2021

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Una Sighvatsdóttir sérfræðingur á skrifstofu forseta Íslands (895 8885).